

Læsisstefna Njarðvíkurskóla

-læsismenning og verklag-



Menntun - Mannrækt

Skólaárið 2025-2026

1	LÆSISSTEFNA NJARÐVÍKURSKÓLA.....	5
2	LESTRARMENNING	5
3	LESTUR- LESTRARADFERÐIR.....	6
3.1	LESTRARKENNSLUADFERÐIR - 1. BEKKUR	6
3.2	HLJÓÐAAÐFERÐIN	6
3.3	HEILDARADFERÐ/LESTUR.....	7
3.4	KÓRLESTUR.....	7
3.5	LESTUR MEÐ ÓLÍKUM RÖDDUM	7
3.6	GREINARMERKIN.....	7
3.7	SAMLESTUR	7
3.8	ÚTVARPSLEIKHÚS	7
3.9	ENDURTEKINN LESTUR MEÐ FÉLAGA	8
3.10	SAMPÆTT LESFIMIKENNSLA	8
3.11	EITT SKREF Í EINU	8
3.12	ÆFINGIN SKAPAR MEISTARANN	8
3.13	MÓTUN HENDINGA	8
3.14	VINALESTUR.....	9
3.15	ORÐHLUTALEIÐ.....	9
3.16	HUGTAKAKORT	9
3.17	PALS	9
3.18	NESTISLESTUR	9
4	NEMENDUR MEÐ ÍSLENSKU SEM ANNAD MÁL.....	10
5	LESTRARÞJÁLFUN	10
5.1	LESTRARÞJÁLFUN Í SKÓLA	10
5.2	MARKMIÐ MEÐ LESTRARÞJÁLFUN HEIMA	11
6	VERKLAGSREGLUR UM HEIMALESTUR Í 1.-10. BEKK	12
6.1	LESTRARKENNSLA OG ÞJÁLFUN/ÆFING.....	12
7	HUGMYNDIR AÐ LESTRARÞJÁLFUN FYRIR HEIMILIN	12
7.1	STUÐNINGUR OG LEIÐSÖGN VIÐ LESTUR	12
7.2	ENDURTEKINN LESTUR MEÐ TÍMATÖKU	12
7.3	SAMLESTUR	12
7.4	PARALESTUR	12
7.5	BERGMÁLSLESTUR	13
7.6	LEIÐBEINANDI LESTUR OG STUÐNINGUR	13
7.7	AÐ HLUSTA OG LESA	13
7.8	RÁÐ FYRIR FORRÁÐAMENN?	13
8	LESTRARERFIÐLEIKAR	13
8.1	LESBLINDA (DYSLEXÍA)	13
9	NÁMSVER OG SÉRÚRRÆÐI Í NÁMI	14
10	BRÁÐGERIR NEMENDUR.....	15
11	SKÓLABÓKASAFNIÐ.....	15

12	MATSFERILL MMS	15
12.1	MATSFERILL.....	15
12.2	LESFIMI- OG STUÐNINGSPRÓF	16
12.3	NÝR TÚLKUNARRAMMI- MÆLITÖLUR OG LESIN ORÐ Á MÍNÚTU	16
12.4	MATSRAMMI FYRIR LESFIMI	17
13	ÞJÁLFUNARAÐFERÐIR OG ÁHERSLUR FYRIR 1.-10. BEKK VEGNA MATSRAMMA 18	
13.1	STUÐNINGSPRÓF.....	18
13.2	ORÐLEYSULESTUR	18
13.3	SJÓNÆNN ORÐAFORÐI.....	19
13.4	SAMSPIL LESFIMI OG STUÐNINGSPRÓFANNA	19
13.5	BÓKSTAFAPÉKKING MMS	19
13.6	LESSKIMUN FYRIR 1. BEKK.....	20
14	LESSKILNINGUR	20
14.1	STÖÐU- OG FRAMVINDUPRÓF MATSFERILS Í LESSKILNINGI	20
14.2	KENNSLUÁÆTLUN Í LESSKILNINGI FYRIR SKÓLAÁRIÐ Í HVERJUM ÁRGANGI (LÆSI).....	21
14.3	KENNSLUAÐFERÐIR Í LESSKILNINGI - EFLUM LESSKILNING	23
15	HLUSTUNARSKILNINGUR	24
16	LESSKILNINGS- OG HLUSTUNARSKILNINGSPRÓF.....	25
17	RITUN OG RITUNARRAMMI	27
17.1	RITUNARRAMMINN SAMANSTENDUR AF ÞREMUR GERÐUM AF MATSRÖMMUM	27
18	MATSTÆKI/SKRÁNINGAR -SKIMANIR OG PRÓF.....	28
18.1	LOGOS.....	28
18.2	HLJÓÐFÆRNI	28
18.3	MILLI MÁLA PRÓFIÐ.....	28
19	LÆSISVIKA.....	29
20	TÖLVUR/ IPADAR OG KENNSLUFORRIT	29
21	UPPLESTRARKEPPNI	29
21.1	STÓRA UPPLESTRARKEPPNIN Í 7. BEKK	29
21.2	LITLA UPPLESTRARHÁTÍÐIN Í 4. BEKK	30
22	SAMFELLA MILLI SKÓLASTIGA (BRÚUM BILIÐ).....	30
23	EFTIRFYLGNÍ.....	31

1 Læsisstefna Njarðvíkurskóla

„Meginmarkmið læsis er að nemendur séu virkir þátttakendur í að umskapa og umskrifa heiminn með því að skapa eigin merkingu og bregðast á persónulegan og skapandi hátt við því sem þeir lesa með hjálp þeirra miðla og tækni sem völ er á. Þar sem færni í lestri er undirstaða fyrir allt nám leggur Njarðvíkurskóli áherslu á lestrarkennslu í 1.-10. bekk. Við álítum að þó nemendur hafi náð grunntækni í lestri þurfi þeir að halda áfram að bæta sig í þessu mikilvæga fagi. Að vinna með lestur er ferli sem þarf að vera í sífelldri endurskoðun og kennslan þarf þess vegna að taka mið af því sem reynist farsælast hverju sinni. Þjálfunin á að vera sameiginlegt verkefni heimilis og skóla og áherslur taka mið af stöðu nemandans. Til að öðlast góðan skilning á texta er ekki nægilegt að lesa mikið. Það þarf einnig að beita markvissum lesskilningsaðferðum. Góður lesskilningur þróast yfirleitt ekki af sjálfu sér. Því er mikilvægt að byrja að kenna fjölbreyttar lesskilningsaðferðir sem efla jafnt; orðaforða, málsskilning, ályktunarhæfni, nýtingu bakgrunnsþekkingar, námsvitund og aðrar þær aðferðir sem efla lesskilning frá upphafi grunnskóla. Í frumvarpi laga um námsmat er skólum skylt að leggja fyrir stöðu- og framvindupróf í lesskilningi í 4., 6. og 9. bekk en í Njarðvíkurskóla verða prófin verða lögð fyrir alla nemendur í 4.-10. bekk. Markmið framvinduprófa er að draga upp sem nákvæmasta mynd af stöðu nemenda, hvar áskoranir og styrkleikar liggja. Í Læsisstefnu Njarðvíkurskóla birtast áherslur skólans í lestrarkennslu, lestrarþjálfun, lesskilning og ritun. Í Læsisstefnunni er fjallað um mismunandi kennsluaðferðir í lestri, matstæki, stuðning ef markmið nást ekki, eftirfylgni og læsismenningu. Mikilvægt er að nota fjölbreyttar kennsluaðferðir til að ná til sem flestra og styrkja áhugahvöt nemenda á margvíslegan hátt með því að tryggja að þeir hafi val um fjölbreytt lesefni og góðar lestrarfyrirmyndir. Mikilvægt að leggja áherslu á lestrarhvetjandi umhverfi.

2 Lestrarmenning

Læsi er lykill að lífsgæðum og því er mikilvægt að búa til góða lestrarmenningu í skólanum með því að leggja áherslu á jákvætt viðhorf til lestrar, þannig að nemendur hafi ánægju af lestri. Grundvöllur fyrir góðum árangri nemanda í læsi er fyrst og fremst góð samvinna milli heimilis og skóla. Hlutverk skólans í lestrarnámi nemenda er að ná markmiðum Læsisstefnunnar með mælanlegum hætti, byggja stoðir og leiðir til að nemendur geti náð

markmiðunum, tryggja að kennarar fylgi Læsisstefnunni í starfi sínu og sinni þeim verkefnum og skyldum sem hverjum árgangi eru falin. Kennarar þurfa að þekkja fjölbreyttar kennsluaðferðir og nýta þær og sjá til þess að nemendur sem ná ekki að fylgja almennum markmiðum Læsisstefnunnar fái aðstoð í samvinnu við heimilið. Skólabókasafnið leikur stórt hlutverk í allri lestrarmenningu en þangað sækja nemendur lesefni og gefst þeim kostur á að taka þátt í lestrarhvetjandi viðfangsefnum sem miðast við ólík áhugasvið. Yndislestur felur bæði í sér að nemendur lesi sjálfir og að lesið sé fyrir þá. Mikilvægt er að lestrarstundirnar séu markvissar og vel nýttar. Nestislestur þar sem kennari les upphátt fyrir nemendur í nestistíma er mikilvægur þáttur í lestrarmenningu Njarðvíkurskóla en við það skapast tækifæri til að kynna margvíslegar bókmenntir fyrir nemendum, efla hlustun, tal, orðaforða, skilning og samræður. Nestislestur þarf að vera fastur liður hjá nemendum í 1.-6. bekk.

Orð eru verkfæri hugsunarinnar – Lestur gerir alla snjalla

3 Lestur- lestraraðferðir

3.1 Lestrarkennsluaðferðir - 1. bekkur

Í Njarðvíkurskóla er ekki unnið eftir einni ákveðinni lestrarkennsluaðferð í lestrarkennslu fyrir byrjendur. Nemendur sem hefja nám við skólann í 1. bekk koma með lestrarþekkingu úr leikskólanum og hafa fengið markvissan undirbúning og þjálfun undirstöðupátta læsis; orðaforða, hljóðkerfisvitundar og orðþekkingar. Lestrarkennsla er skipulögð aðferð sem felur annars vegar í sér umskráningu bókstafa í orð og setningar sem er tæknilegur hluti lestrarnámsins og hins vegar merkingarlega greiningu textans sem er lesskilningsþátturinn.

3.2 Hljóðaaðferðin

Kenndir eru bókstafirnir í íslenska stafrófinu, hljóð þeirra og tákn. Þegar nemendur hafa heyrt hljóð og séð tákn byrja þeir að móta og skrifa bókstafinn þannig að samhæfing hugar og handar æfist. Fyrst eru kenndir nokkrir bókstafir og síðan er næsta skref að tengja saman hljóðin og mynda með þeim mælt mál sem felur í sér orð og síðan setningar. Í upphafi lesa nemendur stutt orð en fara smám saman að lesa lengri orð og setningar.

3.3 Heildaraðferð/lestur

Nemendum sem gengur illa að festa í minni táknin þ.e. heiti og hljóð bókstafanna hentar þessi aðferð vel. Unnið er út frá heilum setningum og þær síðan skipt niður í smærri einingar (orð-samstöfur-hljóð).

3.4 Kórlestur

Nemendur og kennari lesa saman texta upphátt. Aðferðin veitir skemmra komnum lesurum góðan stuðning við lestur á þungum texta en við kórlestur lesa nemendur allan textann í stað þess að lesa e.t.v. aðeins eina línu eins og í skiptilestri.

3.5 Lestur með ólíkum röddum

Skemmtileg leið til að þjálfa lesfimi en hún getur skapað umræður um það hvernig hægt er að hafa áhrif á merkingu texta með því að lesa hann með ólíkum röddum.

3.6 Greinarmerkin

Greinarmerkin gefa lesurum vísbendingar um hvernig lesa eigi texta, bæði til að hann hljómi rétt og jafnframt til að merking textans komist til skila. Lesarar sem hafa ekki náð góðu flæði í lestri, lesa oft með eintóna rödd og veita greinarmerkjum og innihaldi texta litla eða enga athygli. Með því að kenna nemendum hvaða merkingu greinarmerkin hafa í lestri þá er gott að beina athygli þeirra að merkingu textans.

3.7 Samlestur

Kennari og hópur nemenda lesa saman texta þar sem kennarinn leyfir nemendum að heyra í hverju gott lestrarlag er fólgið og styður jafnframt nemendur í glímunni við erfið orð í texta.

3.8 Útvarpsleikhús

Lesfimiþjálfun getur reynt á nemendur og því er mikilvægt að tilgangur þjálfunarinnar sé augljós og umgjörðin skemmtileg. Flest okkar hafa hlustað á leikrit í útvarpi og vitum því hvað leikararnir þurfa að lesa skýrt og skilmerkilega með réttu hljómfalli og áherslum til að

koma efni leikritsins til skila. Aðferðin gerir þá kröfu að texti sé lesinn og endurlesinn, hann ígrundaður og mótaður áður en hann er fluttur fyrir áheyrendur.

3.9 Endurtekinn lestur með félagi

Reglulegar lestrarstundir eru mikilvægar í skólanum og þá þarf að vinna með og þjálfar lestur undir fjölbreyttum formerkjum svo tilgangur lestrarstundanna verði augljós í huga nemenda. Með þessari aðferð er gert ráð fyrir að kennari taki 10-15 mínútur af lestrarstundinni til að láta nemendur þjálfar lesfimi í þörum (félagalestur).

3.10 Samþætt lesfímikennsla

Unnið er með sama textann fimm daga í senn og er textinn einnig þjálfður heima eftir því sem við á. Aðferðin skilar mestum árangri ef sá tími sem nemendur verja við lestur á samfelldum texta, nær 20-30 mínútum á dag en árangur er einnig háður því að kennarar fylgi kennsluáætluninni til hlítar. Í fyrstu er það ekki aðalatriði að nemendur nái að umskrá öll orð í texta en það er mikilvægt að kennari gangi á milli, fylgist með virkni nemenda og hjálpi þeim á rétt ról ef þeir tynast í texta (gott að nota fingurinn, blýant eða glæru).

3.11 Eitt skref í einu

Eitt skref í einu er fimm stiga þjálfunarefni sem hjálpar nemendum að bæta lesfimi sína. Þetta efni er ætlað nemendum sem hafa náð mælitölu 5 fyrir sinn árgang og glíma ekki við erfiðleika. Þessi þjálfunaraðferð byggir á endurteknum lestri á sama texta sem er ein besta leiðin til að þjálfar lesfimi.

3.12 Æfingin skapar meistarann

Fimm flokka þjálfunarefni sem byggist á endurteknum lestri á sama texta sem er samkvæmt fjölmörgum rannsóknum ein gagnlegasta aðferðin til að þjálfar lesfimi. Endurtekningin hjálpar nemandanum að festa orðmyndir í langtímaminninu og auka þannig sjónrænan orðaforða sinn.

3.13 Mótun hendinga

Samkvæmt Matsramma fyrir lesfimi, felur gott lestrarlag í sér blæbrigðaríka tjáningu, hæfilegan raddstyrk, gott flæði, eðlilegt hljómfall og viðeigandi skiptingu texta í hendingar sem styður við merkingu hans. Hendingar í lestri eiga sér hliðstæður í bragfræði og tónlist

en þær afmarkast að mestu leyti af setningarliðum og greinarmerkjum í texta en við lestur er skiptingin gefin til kynna með réttu hljómfalli og hiki/þögnum á réttum stöðum. Þannig verður merking textans skýrari því merking hans liggur oft fremur í hendingum en einstökum orðum.

3.14 Vinalestur

Aðferðin hentar vel til að gera yndislestrarstundir í skólanum markvissar. Sumir nemendur eiga erfitt með að festa hugann við lesturinn eða detta í spjall við sessunaut en ein leið til að nýta tímann betur er að para nemendur saman í Vinalestur þar sem unnið er út frá ákveðnu skipulagi og formerkjum enda er lestur félagsleg athöfn. Gert er ráð fyrir að nemendur sem eru á svipuðu róli í lestri séu paraðir saman í fyrstu en svo getur kennari parað nemendur saman út frá öðrum áherslum þegar allir hafa náð tökum á aðferðinni.

3.15 Orðhlutaleið

Er þjálfun í að þekkja ritháttarmyndir orða og hugtaka. Nemendur festa í minni útlit ýmissa smáorða/algengra orða og þjálfast í að lesa þau leiftursnöggt.

3.16 Hugtakakort

Þessi aðferð kennir nemendum að nota myndræna framsetningu til þess að skapa tengsl við bókstafi, hljóð og orð. Seinna meir þegar nemendur eru búnir að ná góðri færni til að nýta sér þessa tækni þá eru þeir fljótir að koma skipulagi á hugsun sína, ná yfirsýn yfir efni og undirbúa ritun eða sögugerð

3.17 PALS

PALS hefur hlotið nafnið, Þör að læra saman sem er árangursrík kennsluáðferð til að þjálfra lesfimi og lesskilningsaðferðir í blönduðum bekkjardeildum.

3.18 Nestislestur

Lesturinn fer fram í nestistíma nemenda. Flestum nemendum finnst hann notalegur vegna þess að við lestur kennarans lifnar frásögnin við og oftar en ekki fá nemendur áhuga á að lesa fleiri bækur um sömu sögupersónur eða eftir sama höfund. Nestislestur er því mjög mikilvægur liður í því að efla lestrarmenningu skólans.

4 Nemendur með íslensku sem annað mál

Reglan er sú að nemendur með annað móðurmál en íslensku fylgja bekkjarfélögum sínum í námi og er lögð áhersla á að þeir vinni sem mest með íslenskumælandi nemendum. Stuðningur við þá getur verið einstaklingsmiðuð íslenskukennsla í lengri eða skemmri tíma en felst að mestu í því að laga læsistengt námsefni að þeirra færni, bæði í skóla og heimavinnu og leggja áherslu á daglegan lestur í skólanum á íslensku. Nemendur þurfa að fá kynningu á hjálpartækjum og mikilvægt er að hvetja þá til að nota hljóðbækur náminu. Leggja áherslu á samvinnunám sem eflir félagatengsl og færni í íslensku talmáli.

5 Lestrarþjálfun

5.1 Lestrarþjálfun í skóla

Í 1. – 6. bekk er mikilvægt að kennari hlusti reglulega á lestur nemenda og kvitti fyrir hlustun. Kennarar sjá nemendum fyrir bókum sem hæfa aldri, þroska og getu, að auki ná þeir í kjörbækur á bókasafni. Kennarinn setur sér ákveðin markmið með fjölbreyttum lestrarverkefnum í lestrarstundunum. Þegar nemendur hafa lokið ákveðnum lestrarbókum samkvæmt lestrarlista MMS fá þeir í framhaldi bókalista nr. 1-11 eftir þyngdarstigi/orðfjölda, sem eru merktir rauður, grænn, blár en tveir kennarar á yngsta stigi og starfsmaður bókasafnsins eiga veg og vanda af þessari vinnu, sjá möppu á R-drifi.

Íslenskukennarar í 7.-10. bekk sjá um þjálfun og eftirfylgni í lestri hjá nemendum sínum og skrá viðeigandi athugasemd á Mentor samkvæmt verkferli ef ekki er lesið heima. Þeir bera endanlega ábyrgð á framvindu læsisnáms nemenda sinna og hafa því frelsi til að haga þjálfun og eftirfylgni eins og þeim þykir best, allt eftir áherslum og viðfangsefnum hverju sinni. Allir kennarar bera ábyrgð á því að kenna lestur í sinni námsgrein en það felur í sér kynna nemendum sértækan orðaforða og mismunandi textategundir.

5.2 Markmið með lestrarþjálfun heima

Markmið með heimalestri er að börn efli lesfimi sína og bæti við orðaforða og málskilning. Góð þjálfun verður aldrei ofmetin. Hún er grunnur læsis og því er mikilvægt að nemendur lesi daglega heima og sá sem hlustar kvitti fyrir lestrinum. Hlutverk foreldra er að styðja við lestrarnám barna sinna ekki aðeins með því að hlusta á þau lesa heldur með því að tala við þau og örva þannig orðaforða þeirra og skilning. Nemendur sem eru að ná tökum á grunnfærni lestrar þurfa reglulega endurgjöf á heimalestur frá forráðamönnum og kennurum og vita hver tilgangurinn er með að lestrinum. Til að viðhalda færninni þurfa nemendur að lesa reglulega **bæði upphátt og í hljóði**. Þar sem lestrarkennslan fer fram í skólanum þá bera forráðamenn ábyrgð á að vel takist til með lestrarnámið því regluleg þjálfun heima skilar bestum árangri.

Nemendur í 1.-7. bekk lesa fyrir fullorðinn aðila heima í 10 – 15 mínútur á dag fimm sinnum í viku. Forráðamenn eða einhver fullorðinn kvittar fyrir hlustun í Skólabókina mína hjá nemendum í 1.-4. bekk en hjá nemendum í 5.-7. bekk fylgir kvittunarhefti lestrarbókunum þar sem forráðamönnum eða fullorðnum aðila er gert að kvitta fyrir heimalesturinn. Þá munu kennarar einnig kvitta fyrir í sömu hefti í hvert sinn sem nemandi les fyrir þá. Heftið skal því fylgja nemandanum bæði heima og í skóla. Nemendur í 8.-10. bekk lesa heima fimm sinnum í viku og forráðamenn kvitta fyrir hlustun og nemendur skila lestrarskýrslum. Nemendur í 7. bekk lesa tvö bókmenntaverk á skólaárinu fyrir utan annað lesefni.

Nemendur í 8.-10. bekk lesa þrjú til fjögur bókmenntaverk á skólaárinu fyrir utan annað lesefni. Nemendur vinna margvísleg verkefni úr bókmenntaverkunum. Börn sem eiga í erfiðleikum með að tileinka sér lestur þurfa að hafa aðgang að hljóðskrá.

Ef heimalestri er ábótavant þá þarf að skrá það á Mentor samkvæmt verkferlum um heimalestur (sjá heimasíðu skólans).

Hvers vegna er mikilvægt að lesa daglega?



6 Verklagsreglur um heimalestur í 1.-10. bekk

Markviss skráning á lestri nemenda veitir yfirsýn yfir ástundun þeirra í lestri. Það veitir einnig innsýn í skipulag, virkni og viðhorf nemandans til lestrar. Skráning á heimalestri er þáttur í samstarfi milli heimilis og skóla. Íslenskukennarar vinna eftir verklagsreglum um heimalestur sé honum ekki sinnt. Ef nemandi les ekki heima (ekki kvittað fyrir hlustun) er það skráð á Mentor og unnið í framhaldi eftir ákveðnu verklagi sem varðar heimalestur (sjá heimasíðu skólans).

Njarðvíkurskóli



Verklag varðandi heimalestur nemenda í 1.-10. bekk

Nemandi: _____, bekkur: _____

Ef ekki er kvittað fyrir heimalestri er fertið eftirfarandi:	Dags.
1. Kennari sendir tölvupóst til forráðamanna (2x) og skráir á Mentor heimalestur ábótavant	
2. Kennari hringir heim til forráðamanna (2x)	
3. Forráðamenn boðaðir á fund með kennara og skólafórnendum.	

Ofangreindum verklagsreglum hefur verið fylgt en það hefur ekki borið árangur og málinu því vísað til Menntavíðs Reykjaneshejar.

6.1 Lestrarkennsla og þjálfun/æfing

Yngstu nemendurnir sem eru að ná tökum á tæknilegri hlið lesturs sem og eldri nemendur sem eru að bæta sjálfvirkni sína í lestri og efla lesskilning þurfa mikla æfingu. Sú æfing þarf að vera samvinna heimilis og skóla. Nemendur þurfa alltaf að skilja tilgang með lestrinum. Ef nemandi er með mælitölu 5-7 fyrir sinn árgang í lesfimi þá er gott að byrja að leggja áherslu eða þjálfva markvisst einn ákveðinn þátt í einu í Matsrammanum.

7 Hugmyndir að lestrarþjálfun fyrir heimilin

7.1 Stuðningur og leiðsögn við lestur

Lestrarstuðningur felst í því að hvetja nemendur, leiðrétta villur og gefa leiðbeiningar um hvernig á að lesa.

7.2 Endurtekinn lestur með tímatöku

Nemandinn les eina blaðsíðu tvisvar til þrisvar sinnum og forráðamaður tekur tímann. Nemandinn reynir að bæta sig í hvert sinn sem hann les.

7.3 Samlestur

Nemandi og forráðamaður lesa saman upphátt. Unnið er með lykilhugtök, orð og orðmyndir. Samlestur eykur orðaforða og lesskilning.

7.4 Paralestur

Nemandi og forráðamaður skipta textanum á milli sín og lesa til skiptis.

7.5 Bergmálslestur

Kennari les og nemendur lesa strax á eftir sama texta.

7.6 Leiðbeinandi lestur og stuðningur

Forráðamaður les afmarkaðan texta fyrir nemandann. Nemandinn æfir sig að lesa textann í hljóði og reynir að líkja eftir lestrarlagi forráðamannsins. Að lokum les nemandinn textann upphátt.

7.7 Að hlusta og lesa

Hlustun á hljóðbók samhliða lestri er góð æfing. Margar bækur er hægt að nálgast sem hljóðbækur inni á <http://mms>, á rafbókasafni Bókasafns Reykjanesbæjar og Hljóðbókasafninu ef nemendur eru með aðgang að því.

7.8 Ráð fyrir forráðamenn?

Blöðungur sem hefur að geyma hagnýt ráð fyrir forráðamenn varðandi lestrarþjálfun. Bæklingurinn er aðgengilegur á heimasíðu Njarðvíkurskóla.

8 Lestrarerfiðleikar

Nemendur sem eiga í erfiðleikum með lestrarnámið eiga erfitt með að tileinka sér lestrarferlið. Einstaka nemendur eiga í tímabundnum erfiðleikum með að tileinka sér lestrarnámið en aðrir til langframa. Þegar einhver vandi er til staðar er mikilvægt að bregðast fljótt við honum. Þeir nemendur sem hafa verið á leikskóla áður en þeir hefja skólagöngu í grunnskóla hafa tekið Hljóm 2 próf sem er greiningartæki í leikjaformi sem kannar hljóðkerfisvitund elstu barna í leikskólanum. Prófið hjálpar til að finna þá einstaklinga sem gætu átt við lestrarerfiðleika að stríða seinna meir og er þar einnig leitast við að vinna með niðurstöður áður en eiginlegt lestranáam hefst í grunnskólanum. Á fyrstu árunum í grunnskólanum er fylgst mjög vel með framvindu lestrarnámsins með lesfimi – og stuðningsprófum Matsferils.

8.1 Lesblinda (Dyslexía)

Líklegt er að fólki sé almennt kunnugt um að sumir eigi erfiðara með lestur og stafsetningu. Lesblinda er sértækur námsörðugleiki af taugalíffræðilegum uppruna. Einkennin birtast í erfiðleikum með nákvæman, sjálfvirkan lestur og slakri færni í stafsetningu og

umskráningu. Erfiðleikana má í flestum tilfellum rekja til vanda við úrvinnslu málhljóða sem er ekki í samræmi við aðra vitsmunalega hæfni einstaklingsins og koma fram þrátt fyrir vandaða lestrarkennslu. Lesblinda getur leitt til erfiðleika með lesskilning og ónógrar lestrarreynslu, sem aftur getur komið niður á þróun orðaforða og öflun þekkingar í gegnum lestur. Nemendur með lesblindu þurfa að fá kennslu á hjálpartæki sem styðja við bakið á þeim. Mikilvægt er að kennarar hvetji nemendur að nýta hjálpargögn eins og glærur, hljóðbækur, rafbækur, þjálfunarforrit, orðabækur og leiðréttingarforrit. Auk þess að bjóða nemendum að nota iPad eða spjaldbúnað til námið.

9 Námsver og sérúrræði í námi

Innan skólans er námsver sem er vel útbúið gögnum til einstaklingsmiðaðs náms og geta nemendur fengið tímabundna aðstoð eða stuðning í námi til lengri eða skemmri tíma. Meginmarkmið Aðalnámskrár eiga jafnt við um nám í námsveri sem almenna kennslu. Í sérkennslu getur verið nauðsynlegt að víkja frá eða breyta einstökum námsmarkmiðum, námsefni, kennsluaðferðum og/eða námsaðstæðum. Í sérkennslu eru námsþarfir nemenda greindar, markmið eru sett fyrir hvern nemanda eða nemendahóp og kennsluáætlun gerð. Sérkennarar sjá um gerð einstaklingsnámskrár í samvinnu við umsjónarkennara og forráðamenn. Greiningar frá sérfræðingum s.s. sálfræðingum og talmeinafræðingum eru lagðar til grundvallar námi nemanda og eru niðurstöður úr skimunarprófum og greiningar frá sérfræðingum einnig notaðar til hliðsjónar. Námsmat í sérkennslu fer fram reglulega og er ætlað að kanna hvort markmiðum námsáætlana hafi verið náð og er framhald kennslunnar skipulagt út frá niðurstöðum námsmatsins.

Sérkennari fylgist með nemendum þar sem framvinda í lestrarnámi gengur hægt og endurprófar nemendur eftir þörfum. Nemendur taka oftast sömu lesfimiþróf og lögð eru fyrir nemendur í sama árgangi. Þau þróf eru stöðluð (MMS) þannig að hægt er að sjá niðurstöður bornar saman við jafnaldra. Íhlutun með stuðningskennslu er alltaf í samvinnu við forráðamenn og kennara. Ef grunur vaknar út frá mælitölu 1-4 úr lesfimi og stuðningsþrófum um lestrarvanda er hægt að óska eftir nánari athugun með LOGOS-skimun. Menntasvið Reykjanesháttar veitir skólanum ráðgjöf og þar á meðal greiningu á málþroska. Sérkennarar styðja við aðra kennara skólans og leita leiða við að koma sem best til móts við hvern nemanda þar sem hann er staddur.

10 Bráðgerir nemendur

Taka þarf sérstakt tillit til nemenda sem ná settum markmiðum Læsisstefnunnar eða eru komnir lengra á veg en jafnaldrar sínir. Alltaf skal vinna að eðlilegri námsframvindu nemenda út frá þroska og getu hvers og eins.

11 Skólabókasafnið

Skólabókasafnið er vel búið bókum fyrir alla aldurshópa. Þar er kappkostað að hafa aðstöðuna hlýlega fyrir nemendur og markmiðið er að það sé sem mest opið og aðlaðandi miðpunktur í skólastarfinu. Hlutverk skólabókasafna er að bjóða upp á þjónustu við nám, bækur og heimildir og eitt mikilvægt hlutverk þess er að kveikja, örva og viðhalda áhuga nemenda á lestri. Safnkostur skólasafna er mikilvæg viðbót við kennslubækur, kennslufni og kennsluaðferðir (Stefnuyfirlýsing UNESCO/IFLA um skólasöfn). Nemendur allra árganga fá aðstoð, hvatningu og ráðgjöf safnkennara við val á frjálsu lesefni við hæfi. Lesefnið getur ýmist verið að eigin vali eða í samráði við umsjónarkennara t.d. þegar læsisvika stendur yfir. Safnkennari á að sjá um að kynna bókakost safnsins fyrir nemendum og starfsfólki.

12 Matsferill MMS

12.1 Matsferill

Matsferill er staðlað matstæki sem gefið er út af Menntamálastofnun. Matsferill metur grunnþætti læsis, veitir upplýsingar um framvindu í lestrarnámi og gefur vísbendingar um lestrarerfiðleika. Í janúar 2026 varð gerð veigamikil breyting þar sem niðurstöður á lesfimiþrófi eru nú ekki eingöngu settar fram í lesnum orðum á mínútu heldur einnig gefnar upp í mælitölu með skýrri lýsingu á stöðu nemanda eða hóps. Er sú breyting í samræmi við það hvernig niðurstöður á stuðningsprófum hafa verið settar fram. Notkun mælitalna gerir það mögulegt að túlka og bera saman niðurstöður ólíkra prófa og fá þannig gott yfirlit yfir almennt gengi í námi. Notkun mælitalna mun t.d. auðvelda kennurum að bera saman frammistöðu nemenda á lesfimi- og lesskilningsprófi og átta sig betur á samspili þessara lykilþátta læsis þar sem niðurstöður beggja prófa eru settar fram á sama kvarða.

12.2 Lesfimi- og stuðningspróf


Til að fá heildarmynd af frammistöðu nemanda í lesfimi er lagt fyrir hann lesfimiþróf Matsferils í **september, janúar og maí**. Lesfimiþrófin eru stöðluð frá Menntamálastofnun og aldursmiðuð en prófið metur tvo eiginleika lesfiminna af þremur eða sjálfvirkni og nákvæmni lestrar hinir tvær þættir matsrammans fyrir lesfimi sem eru metnir en það eru tjáning og hljómfall og hendingar. Þannig fæst heildarmynd af stöðu nemenda og upplýsingar um þá þætti sem mögulega þarfnast þjálfunar. Nemendur í 1.-10. bekk taka þrjú lesfimiþróf á skólaárinu.

12.3 Nýr túlkunarrammi- mælitölur og lesin orð á mínútu

Við endurskoðun og flutning lesfimi- og stuðningsprófanna í Matsferil verða gömlu viðmiðin frá 2016 felld úr gildi. Þau byggðu á væntingum um árangur en í staðinn kemur nýr túlkunarrammi sem byggir á þeim gögnum sem hafa safnast undanfarin ár og gefa réttari mynd af þróun lesfimi nemenda í grunnskóla. Túlkunin vísar nú í frammistöðu nemenda í lesfimi miðað við jafnaldra og tengsl lesfiminna við lesskilning, þ.e.a.s., að hvaða marki má áætla að nemandi geti skilið texta út frá því hversu góð lesfimi hans er. Niðurstöður stuðningsprófanna verða áfram settar fram í mælitölum en túlkunarramminn verður sá sami fyrir öll prófin.

Niðurstöður lesfimiþrófs eru nú einnig birtar á mælitölu sem veitir upplýsingar um stöðu nemenda miðað við jafnaldra. Hverri mælitölu fylgir lýsing þar sem fjöldi lesinna orða á mínútu er gefinn upp, almenn lýsing í textaformi á því sem einkennir nemendur á tiltekinni mælitölu og tillaga að næstu skrefum í kennslu.

Mælitölur eru notaðar til að gefa niðurstöðum prófa skýrari merkingu með því að lýsa stöðu nemanda miðað við jafnaldra. Mælitölurnar á lesfimiþrófinu eru settar fram á kvarða á bilinu 1-19 þar sem lág gildi tákna litla færni og hærri gildi gefa til kynna meiri færni. Mælitölur eru túlkaðar þannig að miðja kvarðans sem táknar meðalframmistöðu jafnalda, er notuð til þess að segja til um hvort staða nemanda í lesfimi sé góð (nýtir sér lestur í daglegu lífi í samræmi við kröfur fyrir aldur) eða staða nemanda í lesfimi sé slök (skortir færni sem jafnaldrar hans hafa). Meðaltal kvarðans er 10 og staðalfrávik er 3. Þetta þýðir að flestir nemendur fá mælitölu á bilinu 8-12 (meðalframmistaða jafnaldra). Til að auðvelda notendum túlkun á niðurstöðum þá eru gefnar upp fjórar lýsingar sem eru einkennandi fyrir nemendur sem falla á tiltekið bil.



Eins og áður segir eru það ekki lesin orð á mínútu sem skipta höfuðmáli heldur mælitölan ásamt lýsingu á stöðu nemanda. **Hafi nemandi farið í formlega lestrargreiningu er ekki þörf á fyrirlögn stuðningsprófa.**

12.4 Matsrammi fyrir lesfimi

Matsrammanum er ætlað að veita nemendum og forráðamönnum upplýsingar og endurgjöf um stöðu nemandans og hver næstu skref þurfa vera í kennslu og þjálfun lesfimi. Matsramminn lýsir því jafnframt vel hvað átt er við með hugtakinu lesfimi. Ramminn skiptist í fjóra þætti: a) tjáningu, b) sjálfvirkni lestrar eða leshraða, c) hljómfall og hendingar og d) flæði. Með því að skoða rammann er auðvelt að átta sig á því hvað hver þáttur felur í sér og eins hver munurinn er á góðri eða slakri lesfimi. Ramminn sýnir glögggt að leshraði og nákvæmni sem mæld eru í lesnum orðum á mínútu á lesfimiþrófi, gefa ekki fullnægjandi mynd af stöðu nemenda og að mikilvægt sé að kenna, þjálfar og meta alla þætti lesfiminna. Góð lesfimi er ein meginforsendan fyrir góðum lesskilningi

Lestrarlag nemandans er mikilvægur hluti lesfimimatsins í september/janúar/maí. Í matsrammanum er hakað við í þann reit rammans sem lýsir frammistöðu nemandans í hverjum matsþætti fyrir sig og er metinn einu sinni til þrisvar yfir skólaárið hjá nemendum í 3.-10. bekk. https://mms.is/sites/mms.is/files/lesfimidmid_mms.pdf

Nemandi getur fengið á **bilinu 4–16 heildarstig** úr rammanum og kemur fram umsögn samkvæmt því og raðast hann inn á bil sem sést hér fyrir neðan.

Fjöldi stiga	Umsögn
4-6 stig	Nemandi þarf þjálfun í flestum þáttum lesfiminna.
7-11 stig	Lesfimi nemanda er á réttri leið en þjálfar þarf einstaka þætti hennar betur.
12-16 stig	Nemandi hefur náð fullnægjandi tökum á lesfimi út frá viðmiðum fyrir aldur.

13 Þjálfunaraðferðir og áherslur fyrir 1.-10. bekk vegna matsramma

Matsþáttur	Heiti aðferðar
Tjáning	Kórlestur (bergmálslestur), lestur með ólíkum röddum, greinarmerkjum, samlestur, útvarpsleikhús.
Sjálfvirkni lestrar	Kórlestur (margar aðferðir), endurtekinn lestur með félagi, samþætt lesfimikennsla, Eitt skref í einu, Æfingin skapar meistarann.
Hljómfall og hendingar	Endurtekinn lestur með félagi, mótun hendinga, vinalestur.
Flæði	Greinarmerkin, samlestur, vinalestur.

13.1 Stuðningspróf

Stuðningspróf Matsferils eru tvö: Mat á lestri orðleysa og mat á sjónrænum orðaforða. Prófin veita nánari upplýsingar um stöðu grunnaðferða í lestri en markviss notkun stuðningsprófanna getur einnig gefið vísbendingar um hvaða nemendur það eru sem e.t.v. glíma við undirliggjandi lestrarvanda. Stuðningsprófin eru greinandi próf sem kennarar leggja fyrir þá nemendur sem eru undir meðaltali á lesfimiþrófi eða fá mælitölurnar 1-7 á lesfimiþrófi. Notkun stuðningsprófanna er sérstaklega mikilvæg fyrir nemendur á yngri stigum þar sem lestrarfærnin er að verða til og mikilvægt að kennarar hafi góðar upplýsingar um framvindu lestrarnáms hjá öllum nemendum sínum.

Nemendur sem eru með lestrargreiningu (dyslexíu) **taka ekki** stuðningsprófin.

13.2 Orðleysulestur

Mat á lestri orðleysa er ein besta leiðin til að meta þekkingu nemanda á tengslum bókstafs og hljóðs. Þessi þekking er undirstaða þess að nemandi geti beitt hljóðaaðferðinni og umskráð texta af öryggi. Á þessu prófi lesa nemendur merkingarlaus bullorð (orð eins og illspur, fébi, bruppa) sem lúta hljóðkerfi íslenskunnar en þar sem orðin þýða ekkert getur nemandinn ekki stutt sig við merkingu þeirra til að umskrá textann. Öryggi við beitingu hljóðaaðferðar er forsenda þess að nemandi geti byggt upp sjónrænan orðaforða og

sjálfvirkur lestur orðmynda er forsenda góðrar lesfimi. Próf í orðleysulestri er 40 atriða einstaklingspróf sem tekur 1-2 mínútur í fyrirlögn á hvern nemanda. Fáir nemandi slakar niðurstöður á þessu prófi þarf að leggja fyrir hann stafakönnun og kanna þekkingu hans á hljóðum bókstafa og ritun þeirra.

13.3 Sjónrænn orðaforði

Sjónrænn orðaforði er safn orðmynda þar sem nemandinn þekkir hljóðræna og sjónræna mynd orða ásamt merkingu fyrirhafnarlaust og án umhugsunar. Prófið er 40 atriða einstaklingspróf sem tekur 1-2 mínútur í fyrirlögn þar sem nemendur lesa stök, merkingarbær orð og veitir það upplýsingar um það hvort og hversu hratt nemandinn þekkir orð um leið og hann sér þau. Fáir nemandi slakar niðurstöður á þessu prófi geta verið veikleikar í beitingu hljóðaaðferðar hjá honum eða hann þarfnast þjálfunar með aðferðum endurtekens lestrar. Góður sjónrænn orðaforði er forsenda þess að nemandi geti lesið texta af öryggi og áreynslulaust og er þar af leiðandi forsenda lesfimi. Besta leiðin til að auka sjónrænan orðaforða er að þjálfast lestur með aðferðum endurtekens lestrar.

13.4 Samspil lesfimi og stuðningsprófanna

Tilgangur stuðningsprófanna er að fá betri upplýsingar um mögulegar ástæður fyrir slöku gengi nemenda á lesfimiþrófi. Eðlilegt er að stuðningsprófin séu notuð oftast með ungum nemendum sem eru að ná tökum á lestri á meðan forsendur þeirra til lestrarnáms eru enn að skýrast. **Viðmiðunarreglan er sú að leggja á stuðningsprófin fyrir nemendur sem eru undir mælitölu 8 (mælitala 1-7)** á lesfimiþrófi þar til viðunandi árangur næst eða skýring á slöku gengi í lestrarnámi liggur fyrir. Þetta á við um nemendur á öllum stigum grunnskólans því skortur á færni í grunnaðferðum lestrar kemur í veg fyrir að nemendur nái góðum tökum á lesfimi óháð aldri sem aftur getur haft áhrif á möguleika nemenda að skilja texta.

13.5 Bókstafaþekking MMS

Bókstafaþekking er könnuð með fjórum einstaklingsverkefnum. Um er að ræða bæði stóra og litla stafi, sérhljóða og samhljóða. Nemendur eiga að kalla fram hljóð og heiti hvers bókstafs sem þeir lesa af blaði.

13.6 Lesskimun fyrir 1. bekk

Prófið skimar lestrarfærni nemenda í 1. bekk og er lagt fyrir í október og skráð í Skólagátt. Markmiðið er tvíþætt: Annars vegar að finna þá nemendur sem kunna að eiga við lestrarörðugleika að stríða þegar fram líða stundir og hins vegar að veita kennurum upplýsingar um einstaka nemendur svo hægt sé að haga kennslu við hæfi hvers og eins nemanda. Prófið er staðlað og byggir á mörgum þáttum og kannar bókstafaþekkingu, hljóðkerfisvitund og málþroska. Niðurstöður eru sendar til forráðamanna rafrænt og þeir boðaðir til fundar ef nemandi er undir viðmiðum og farið yfir hver eftirfylgni er í skóla og heima.

14 Lesskilningur

Lesskilningur er nokkuð flókið fyrirbæri og er háður fjölmörgum þáttum svo sem orðaforða lesarans, bakgrunnsþekkingu, þekkingu á uppbyggingu textategunda, tilgangi lestrar og menningarlegu samhengi svo dæmi séu tekin. Það er mikilvægt fyrir lesara að gera sér grein fyrir því að á bak við hvern texta er höfundur sem lesarinn á í raun og veru í samtali við en þessi skilningur getur gert lesarann að gagnrýnum lesara. Lesskilningsaðferðir miða flestar að því að hjálpa lesaranum að gera sér grein fyrir því innra hugarferli sem á sér stað þegar glímt er við texta og fá honum verkfæri eða bjargir í hendur til að skilja eðli og takast á við hindranirnar sem verða á vegi hans við lestur.

14.1 Stöðu- og framvindupróf Matsferils í lesskilningi

Stöðu- og framvindupróf Matsferils eru lögð fyrir nemendur í 4. -10. bekk í mars 2026. Prófin draga upp sem nákvæmasta mynd af stöðu nemenda, hvar áskoranir og styrkleikar liggja. Hverju prófi fylgja aldursbundin viðmið um framvindu og því mögulegt að bera niðurstöður hvers nemanda, bekkjar eða skóla saman við landsmeðaltal. Niðurstöður eru notaðar til skipulagningar kennslu og mats á árangri við lotu- og annarlök eða við lok skólaárs; til að fylgjast með gæðum skólastarfs og þróun/breytingum innan menntakerfisins. Slík hringrás mats og kennslu er mikilvægur grunnur markvissra kennsluhátta og auðveldar kennurum að laga kennslu að ólíkum þörfum nemenda.

14.2 Kennsluáætlun í lesskilningi fyrir skólaárið í hverjum árgangi (læsi)

Skjöl varðandi aðferðirnar má finna á vef MMS undir læsisvefurinn eða á bekken drifi/LÆSISSTEFNA/Lesskilningur

1. bekkur	Tímabil	Aðferð og verkefni
	september-janúar	K-PALS
	mars - maí	G-PALS
		Munnleg endursögn
		Fimm fingra endursögn
		Að búa til tengingar
		Lestrarhnútar
		Að kasta og segja frá
2. bekkur		
	byrja þar sem hætt var í maí í 1. bekk	G-PALS
		Munnleg endursögn
		Fimm fingra endursögn
		Að búa til tengingar
		Lestrarhnútar
		Að kasta og segja frá
		Að hugsa upphátt við lestur
3. bekkur		
	6 vikur fyrir áramót	G-PALS
		Munnleg endursögn
		Fimm fingra endursögn
		Að búa til tengingar
		Lestrarhnútar
		Að kasta og segja frá
		Að hugsa upphátt við lestur
		Lesið til skilnings (gagnvirkur lestur) (textar)
4. bekkur		
		PALS
		Munnleg endursögn
		Fimm fingra endursögn
		Að búa til tengingar
		Lestrarhnútar
		Að kasta og segja frá
		Að hugsa upphátt við lestur
		Lesið til skilnings (gagnvirkur lestur) (textar)
5. bekkur		
		PALS
		Munnleg endursögn
		Fimm fingra endursögn
		Að búa til tengingar
		Lestrarhnútar

		Að kasta og segja frá
		Að hugsa upphátt við lestur
		Fjórar gerðir spurninga
		Hvað veistu um viðfangsefnið ?
		Lesið á milli lína
6. bekkur		
		Munnleg endursögn
		Fimm fingra endursögn
		Að búa til tengingar
		Lestrarhnútar
		Að kasta og segja frá
		Að hugsa upphátt við lestur
		Fjórar gerðir spurninga
		Hvað veistu um viðfangsefnið ?
		Lesið á milli lína
7. bekkur		
		Munnleg endursögn
		Fimm fingra endursögn
		Að búa til tengingar
		Lestrarhnútar
		Að kasta og segja frá
		Að hugsa upphátt við lestur
		Lesið á milli lína
		Hvað veistu um viðfangsefnið ?
		Fjórar gerðir spurninga
8. bekkur		
		Munnleg endursögn
		Fimm fingra endursögn
		Að búa til tengingar
		Lestrarhnútar
		Að kasta og segja frá
		Að hugsa upphátt við lestur
		Fjórar gerðir spurninga
		Hvað veistu um viðfangsefnið ?
		Lesið á milli lína
9. bekkur		
		Munnleg endursögn
		Fimm fingra endursögn
		Að búa til tengingar
		Lestrarhnútar
		Að kasta og segja frá
		Að hugsa upphátt við lestur
		Fjórar gerðir spurninga
		Hvað veistu um viðfangsefnið ?

		Lesið á milli lína
10. bekkur		
		Hvað veistu um viðfangsefnið ?
		Munnleg endursögn
		Lesið á milli lína
		Fimm fingra endursögn
		Að búa til tengingar
		Lestrarhnútar
		Að kasta og segja frá
		Að hugsa upphátt við lestur
		Fjórar gerðir spurninga

Markmið með þjálfun er að örva áhuga og vekja þörf nemenda að leita svara, þjálfar þá í að spyrja spurninga og átta sig á mikilvægum atriðum í texta eða myndum. Nemendur læra að tjá sig með teikningum og segja frá því sem þeir hafa lært. Þegar nemendur hafa náð þeirri tækni að geta sagt frá því sem þeir lesa víkkar það sjónarhorn þeirra á lesefnið og eykur þekkingu og lesskilning. Til að svo geti orðið þarf lesarinn að búa yfir góðum orðaforða, bakgrunnsþekkingu, ályktunarhæfni, þekkingu á uppbyggingu málsins, þekkingu á uppbyggingu texta og vitund um eigin skilning. Sagt er að nám frá 3. bekk og upp úr byggir á lestri til skilnings og því er mikilvægt að lestrarkennsla og lestrarþjálfun á öllum stigum grunnskólans sé markviss og fjölbreytt og snúi að öllum þessum þáttum.

14.3 Kennsluaðferðir í lesskilningi - Eflum lesskilning

Mappan, Verkefni til þjálfunar í tölvu er á rafrænu formi með ýmsum verkefnum og kennsluaðferðum má finna á [bekken/drifi/LÆSISSTEFNA/Læsisstefna2025-2026/](#).


Á læsisvef MMS er einnig hægt að finna fjölbreyttar kennsluaðferðir í lesskilningi og verkefnasafnið **Lesið til skilnings (gagnvirkur lestur)**. Þyngd æfingaefnisins miðast við miðstig en vel má byrja að kenna nemendum í 3.-4. bekk aðferðina. Hún hentar einnig nemendum á unglingastigi.

Í töflunni er yfirlit yfir lesskilningsaðferðir úr **bókinni Eflum lesskilning** eftir Bergljótu Jónsdóttur sérkennara. Aðferðirnar eru flokkaðar niður á árganga og eftir aldri eins og í bók Bergljótar.

Bekkur	Aðferð	Leiðbeiningar
3.	Samræðulestur: tal- og hlustunarskilningur Orsaka og merkingartengsl: ályktunarhæfni Tilfinningaleikurinn: ályktunarhæfni Að gera sér í hugarlund: ályktunarhæfni Bókagerð: greina aðalatriði í texta Að skilgreina orð og hugtök: orðaforði Álykta um merkingu óþekktra orða: ályktunarhæfni	Eflum lesskilning bls.117 Eflum lesskilning bls.120 Eflum lesskilning bls.121 Eflum lesskilning bls.119 Eflum lesskilning bls.142 Eflum lesskilning bls.152 Eflum lesskilning bls.123
4.	Ekki finnast svö við öllum spurningum: spyrja spurninga Því meira sem við lærum: spyrja spurninga Orðavefur-samsett orð: orðaforði Orða-bak-forði: orðaforði K-V-L þegar ég verð strand: spyrja spurninga Álykta út frá bakgrunnsþekkingu: ályktun Að hlusta á innri rödd: námsvitun	Eflum lesskilning bls.137 Eflum lesskilning bls.135 Eflum lesskilning bls.146 Eflum lesskilning bls.157 Eflum lesskilning bls.186 Eflum lesskilning bls.125 Eflum lesskilning bls.127
5.	Að lesa, skrifa, spjalla: námsvitund Spurningavefur: spyrja spurninga Gera samantekt: að greina aðalatriði í texta Álykta út frá merkingu og samhengi: orðaforði Rót vikunnar: orðaforði Nákvæm greining-viðara samhengi: viðmeiri aðferð	Eflum lesskilning bls.129 Eflum lesskilning bls.139 Eflum lesskilning bls.149 Eflum lesskilning bls.166 Eflum lesskilning bls.163 Eflum lesskilning bls.181
6.	Gera samantekt: að greina aðalatriði í texta Álykta út frá merkingu og samhengi: orðaforði Rót vikunnar: orðaforði Nákvæm greining-viðara samhengi: viðmeiri aðferð	Eflum lesskilning bls.149 Eflum lesskilning bls.166 Eflum lesskilning bls.163 Eflum lesskilning bls.181
7.	Samantekt- samvinna: greina aðalatriði í texta Orðavefur-forskeyti-rót-stofn: orðaforði Álykta út frá merkingu orða og sannprófa: orðaforði Ég hef orðið-hver hefur merkinguna: orðaforði Hugsa upphátt: viðmeiri aðferð	Eflum lesskilning bls.148 Eflum lesskilning bls.154 Eflum lesskilning bls.167 Eflum lesskilning bls.168 Eflum lesskilning bls.175
8.-10.	Greina orðhluta-merking og hlutverk: orðaforði Taka viðtal við orð: orðaforði Fjölbreyttar kennsluáðferðir í lesskilningi	Eflum lesskilning bls.161 Eflum lesskilning bls.17 Öll bókin

15 Hlustunarskilningur

Hlustunarskilningur vísar til skilnings á töluðu máli sem er skynjaður í gegnum hlustun. Börn þurfa að ná tökum á hlustunarskilningi og umskráningu orða og því er ekki hægt að tala um virkan lestur nema þessi tvö ferli vinni saman. Einfalda



lestrarlíkanið „The Simple View of Reading“ gerir ráð fyrir að umskráning og málskilningur geti verið ótengdir þættir ef lestrarfærni er ekki til staðar. Allir nemendur í 1.-10. bekk taka hlustunarskilningspróf. Niðurstöður eru skráðar sem hlustunarskilningur á Mentor og á vitnisburðarblað að vori.

16 Lesskilnings- og hlustunarskilningspróf

Skólinn leggur fyrir lesskilnings- og hlustunarskilningspróf með samræmdum kröfum um árangur og mat. Nemendur taka próf úr ólesnum texta (þ.e. geta ekki undirbúið sig).

Í 1.-10. bekk birtist lesskilnings- og hlustunarskilningseinkunn á Mentor og á vitnisburðarblaði.

Í 1. -3. bekk taka nemendur eitt hlustunarskilningspróf og eitt lesskilningspróf sem er leiðsagnarmat og eitt lesskilningspróf og eitt hlustunarskilningspróf sem er námsmat að vori. Kennarar skrá niðurstöður allra prófa á Mentor.

Í 4.-10. bekk taka nemendur eitt lesskilningspróf og eitt hlustunarskilningspróf sem er leiðsagnarmat og Stöðu- og framvindupróf Matsferils í lesskilningi og hlustunar- skilningspróf sem er námsmat að vori. Kennarar skrá niðurstöður allra prófa á Mentor.

- Nemendur í 1.-10. bekk fá einkunn í bókstöfum fyrir leiðsagnarmat/námsmat/lokamat (A, B+, B, C+, C).
- Nemendur í 4.-10. bekk fá lokaeinkunn úr Stöðu- og framvinduprófi Matsferils í lesskilningi og er námsmat gefið með umsögn og raðeinkunn nemandans en í hlustunarskilningsprófi í bókstöfum.

Bekkur	Dagsetning	Heiti	Vægi
1. bekkur	janúar	Lesskilningur 1A Hlustunarskilningur 1B	Leiðsagnarmat
	apríl	Hlustunarskilningur 1A	Námsmat
	maí	Lesskilningur 1B	Námsmat
	júní (vitnisburður)	Hlustunarskilningspróf 1A sem er lagt fyrir í apríl (í bókstöfum). Lesskilningspróf 1B sem er lagt fyrir í maí (í bókstöfum).	Lokamat
2. bekkur	október	Lesskilningur 2A Hlustunarskilningur 2B	Leiðsagnarmat
	apríl	Hlustunarskilningur 2A	Námsmat
	maí	Lesskilningur 2B	Námsmat
	júní (vitnisburður)	Hlustunarskilningspróf 2A sem er lagt fyrir í apríl (í bókstöfum). Lesskilningspróf 2B sem er lagt fyrir í maí (í bókstöfum).	Lokamat
3. bekkur	október	Lesskilningur 3A Hlustunarskilningur 3B	Leiðsagnarmat
	apríl	Hlustunarskilningur 3A	Námsmat
	maí	Lesskilningur 3B	Námsmat
	júní (vitnisburður)	Hlustunarskilningspróf 3A sem er lagt fyrir í apríl (í bókstöfum). Lesskilningspróf 3B sem er lagt fyrir í maí (í bókstöfum).	Lokamat
4. bekkur	október	Lesskilningur 4A Hlustunarskilningur 4A	Leiðsagnarmat
	mars	Stöðu- og framvindupróf Matsferils	Námsmat

maí	Hlustunarskilningur 4B	Námsmat
júní (vitnisburður)	Niðurstaða úr stöðu- og framvinduprófs Matsferils í lesskilningi sem er lagt fyrir í mars (raðeinkunn og umsögn.) Hlustunarskilningspróf 4B sem er lagt fyrir í maí (í bókstöfum).	Lokamat

5. bekkur

október	Lesskilningur 5A Hlustunarskilningur 5A	Leiðsagnarmat
mars	Stöðu- og framvindupróf Matsferils	Námsmat
maí	Hlustunarskilningur 5B	Námsmat
júní (vitnisburður)	Niðurstaða úr stöðu- og framvinduprófs Matsferils í lesskilningi sem er lagt fyrir í mars (raðeinkunn og umsögn.) Hlustunarskilningspróf 5B sem er lagt fyrir í maí (í bókstöfum).	Lokamat

6. bekkur

október	Lesskilningur 6A Hlustunarskilningur 6A	Leiðsagnarmat
mars	Stöðu- og framvindupróf Matsferils	Námsmat
maí	Hlustunarskilningur 6B	Námsmat
júní (vitnisburður)	Niðurstaða úr stöðu- og framvinduprófs Matsferils í lesskilningi sem er lagt fyrir í mars (raðeinkunn og umsögn.) Hlustunarskilningspróf 6B sem er lagt fyrir í maí (í bókstöfum).	Lokamat

7. bekkur

október	Lesskilningur 7A Hlustunarskilningur 7A	Leiðsagnarmat
mars	Stöðu- og framvindupróf Matsferils	Námsmat
maí	Hlustunarskilningur 7B	Námsmat
júní (vitnisburður)	Niðurstaða úr stöðu- og framvinduprófs Matsferils í lesskilningi sem er lagt fyrir í mars (raðeinkunn og umsögn.) Hlustunarskilningspróf 7B sem er lagt fyrir í maí (í bókstöfum).	Lokamat

8. bekkur

október	Lesskilningur 8A Hlustunarskilningur 8A	Leiðsagnarmat
mars	Stöðu- og framvindupróf Matsferils	Námsmat
maí	Hlustunarskilningur 8B	Námsmat
júní (vitnisburður)	Niðurstaða úr stöðu- og framvinduprófs Matsferils í lesskilningi sem er lagt fyrir í mars (raðeinkunn og umsögn.) Hlustunarskilningspróf 8B sem er lagt fyrir í maí (í bókstöfum).	Lokamat

9. bekkur

október	Lesskilningur 9A Hlustunarskilningur 9A	Leiðsagnarmat
mars	Stöðu- og framvindupróf Matsferils	Námsmat
maí	Hlustunarskilningur 9B	Námsmat
júní (vitnisburður)	Niðurstaða úr stöðu- og framvinduprófs Matsferils í lesskilningi sem er lagt fyrir í mars (raðeinkunn og umsögn.) Hlustunarskilningspróf 9B sem er lagt fyrir í maí (í bókstöfum).	Lokamat

10.bekkur


október	Lesskilningur 10A Hlustunarskilningur 10A	Leiðsagnarmat
mars	Stöðu- og framvindupróf Matsferils	Námsmat
maí	Hlustunarskilningur 10B	Námsmat
júní (vitnisburður)	Niðurstaða úr stöðu- og framvinduprófs Matsferils í lesskilningi sem er lagt fyrir í mars (raðeinkunn og umsögn.) Hlustunarskilningspróf 10B sem er lagt fyrir í maí (í bókstöfum).	Lokamat

17 Ritun og ritunarrammi

Kennsla í ritun hefst um leið og lestrarkennslan og unnið er að umskráningu í báðar áttir, þ.e. frá bókstaf til hljóðs (lestur) og frá hljóði til bókstafs (ritun). Það þarf að leggja áherslu á að kenna og þjálfar nemendur markvisst í þeirri fjölbreyttu færni sem ritun krefst.

Lestur og ritun eru tvær hliðar á sama peningi, því fjölbreyttari texta sem nemendur lesa því auðveldara eiga þeir með að skrifa slíka texta og öfugt.

Ritun	1. bekkur	2. bekkur	3. bekkur	4. bekkur	5. - 7. bekkur	8.-10. bekkur
Textavinna út frá myndum/hlustun		x	x	x	x	x
Hugtakakort	x	x	x	x	x	x
Uppbygging sögu	x	x	x	x	x	x
Myndasaga	x	x	x	x	x	x
Skapandi skrif, ljóð, leikrit o.fl.	x	x	x	x	x	x
Bókmenntatexti					x	x
Útdráttir					x	x
Endursagnir					x	x
Heimildaritun					x	x
Rökfærslurritun					x	x
Bréf/dagbók/ferðasögur o.fl.	x	x	x	x	x	x

17.1 Ritunarramminn samanstendur af þremur gerðum af matsrömmum

Miðstöð menntunar og skólaþjónustu hafa gefið út Ritunarrammann, nýtt verkfæri fyrir kennara sem styður þá í ritunarkennslu. Með notkun rammans fæst heildarsýn yfir grunnþætti ritunar, hvað þarf að kenna og þjálfar á hverju stigi upp allan grunnskólann. Hlutverk rammans er einnig að aðstoða kennara við að meta stöðu nemenda og að hjálpa þeim að fylgjast með eigin framförum. Það vill kannski stundum gleymast að góð ritunarfærni er hluti af góðu, almennu læsi. Ritunarramminn er matsrammi sem varðar leið í ritunarkennslu og námi frá upphafi til loka grunnskólagöngu. Ramminn er settur fram í anda leiðsagnarnáms. Megineinkenni leiðsagnarnáms er til dæmis tíð endurgjöf til nemandans um frammistöðu. Það gerir nemendum kleift að nýta sér upplýsingar meðan á lærdómsferlinu stendur og hjálpar kennurum að aðlagja kennslu sína jafnóðum að þörfum nemenda. Skrefin í átt að góðri ritunarhæfni eru mörg, allt frá því að læra að draga til stafs og til þess að geta skrifað fjölbreytta texta í margvíslegum tilgangi. Mikilvægt er að fanga þau atriði sem teljast til góðrar ritunarhæfni og æskilegs stíganda í ritunarkennslu og námi.

Meginefnisþættir rammans eru fjórir; uppbygging texta, einkenni textategunda, málnotkun og skráning. Hver þáttur er auðkenndur með sínum lit. Fyrstu þrír efnisþættir rammans snúa að textagerðinni sjálfri en sá síðasti að tæknilegri hlið ritunar; stafsetningu, skrift og ritvinnslu. Þessir þættir eru oft nefndir verkfæri ritunar þar sem þeir eiga að þjóna textagerðinni sjálfri en eru ekki meginviðfangsefni ritunarkennslunnar.

18 Matstæki/skráningar -skimanir og próf

18.1 LOGOS

Prófið er tölvutækt greiningarpróf sem metur hvort nemandi er með leshömlun (dyslexíu) eða aðra lestrarörðugleika. Þættirnir greina færni í leshraða, lesskilningi, skilningi á hlustun, umkóðunarfærni og annarri lestrartengdri færni. Flestir prófþættir eru metnir með tilliti til áreiðanleika og viðbragðsflýtis. Prófin eru stöðluð þannig að hægt er að meta niðurstöður í samanburði við viðmið jafnaldra. Logos greiningarprófið er lagt fyrir af fagfólki skólans sem er með Logos réttindi fyrir nemendur sem eru með mælitöluna 1-4 úr lesfimi og stuðningsprófum Matferils. Niðurstöðum er skilað til skóla og forráðamanna af fagfólki sem sér um fyrirlögn á Logos.

18.2 Hljóðfærni

Hljóðfærni er greiningarpróf sem ætlað er nemendum í 1. bekk grunnskóla sem eiga erfitt með að tileinka sér grunnfærni í lestri. Um er að ræða einstaklingspróf sem hefur það að markmiði að greina nánar hljóðkerfisvanda nemenda og bera saman við jafnaldra.

18.3 Milli mála prófið

Milli mála prófið var samið í þeim tilgangi að meta hvort börn og unglingar sem hafa annað móðurmál en íslensku, hafi nægilega góð tök á íslensku til þess að fylgjast með skólastarfi í sínum bekk. Prófið er notað til þess að mæla árangur einstakra nemenda og meta þannig þörf þeirra fyrir aðstoð frekar en áætla þörfina út frá bakgrunni og aðstæðum. Í Njarðvíkurskóla er Milli mála prófið lagt fyrir nemendur sem fá kennslu í íslensku sem öðru máli einu sinni á skólaári og fyrir aðra ef þurfa þykir.

19 Læsisvika

Læsisvikur eru tvisvar á skólaárinu, **8.- 19. september 2025 og 9.-13. febrúar 2026**. Markmið með læsisvikunum er að auka áhuga og ánægju nemenda á bókmenntum og um leið, þjálfar lesfimi og lesskilning. Samvinna við starfsmann bókasafnsins er mikilvæg þar sem hann kemur með einum eða öðrum hætti að framkvæmd læsisvikunnar.

20 Tölvur/ Ipadar og kennsluforrit

Aðalnámskrá grunnskóla gerir ráð fyrir að Internetið verði notað í kennslu í auknum mæli, enda eru tölvur og tækni partur af lífinu í dag. Tölvur eru ekki einungis tæki til að afla þekkingar og færni á ýmsum sviðum, heldur einnig til mótunar og sköpunar. Mikilvægt er að skólar móti ákveðna stefnu um notkun tölva og netsins í skólanámskrá í samræmi við Aðalnámskrá. Viðurkennt er að tölvur í skólastarfi er eitt af þeim kennslutækjum sem þykja sjálfsögð. Tölvun býður upp á óteljandi möguleika sem kennslutæki og ber okkur að nýta þá vel. Mikill fjöldi kennsluforríta er til á netinu og hefur Menntamálastofnun gefið út skrá þar sem kennsluforrit eru flokkuð eftir vélbúnaði, skólastigi og námsgreinum <https://mms.is/>. Ipadar eru verkfæri í skapandi skólastarfi. Þeir geta veitt aðgang að frekara lestrarefni, bjóða upp á fjölbreyttari úrvinnslu á námsefninu ásamt því að auka lestraráhuga nemenda. Ipad er hægt að nýta sem einstaklingstæki í lestri

21 Upplestrarkeppni

21.1 Stóra upplestrarkeppnin í 7. bekk

Nemendur taka þátt í Stóru upplestrarkeppninni sem haldin er ár hvert. Markmið keppninnar er að vekja athygli og áhuga í skólum á vönduðum upplestri og framburði. Stóra upplestrarkeppnin hefst formlega á Degi íslenskra tungu 16. nóvember ár hvert. Allir nemendur taka þátt í ræktunarhlutanum og æfa upplestur á texta og ljóðum. Á lokahátíð skólans eru fulltrúar valdir til þess að taka þátt í keppni milli skóla við hátíðlega athöfn í Duushúsum eða í skólum nærliggjandi sveitarfélaga. Allar upplýsingar um upplestrarkeppnina má finna á heimasíðu Radda, <http://upplestur.hafnarfjordur.is/> samtaka um vandaðan upplestur og framsögn.

21.2 Litla upplestrarhátíðin í 4. bekk

Nemendur í 4. bekk taka þátt í Litlu upplestrarhátíðinni en hún hófst í Hafnarfirði haustið 2010 og byggir á markmiðum Stóru upplestrarkeppninnar sem haldin er reglulega í 7. bekk. Meginmarkmið hátíðarinnar er að nemendur flytji íslenskt mál sjálfum sér og öðrum til ánægju og að þeir hafi vandvirkni og virðingu að leiðarljósi við flutninginn. Markmiðið er að verða betri lesari í dag enn í gær. Litla upplestrarhátíðin hefst formlega á Degi íslenskrar tungu og henni lýkur í apríl með hátíð í skólanum þar sem forráðamönnum og öðrum góðum gestum er boðið að koma og hlusta á nemendur flytja ljóð og sögur. Undirbúningur og framkvæmd er í höndum umsjónar- og/eða íslenskukennara.

22 Samfella milli skólastiga (Brúum bilið)

Aðalnámskrá leik- og grunnskóla leggur ríka áherslu á að skólastigin komi sem best til móts við ólíkar þarfir barna á þessu tímabili. Líta ber á síðasta ár barna í leikskóla og fyrsta ár þeirra í grunnskóla sem mikilvægan þátt í ævimenntun þeirra (Aðalnámskrá leiksskóla, 2011). Í skólanámskrám skal gera grein fyrir samstarfinu og hvernig standa skuli að aðlögun barna og færslu milli skólastiga. Skólaganga barna á að mynda samfellu þannig að reynsla og nám á fyrri skólastigum nýtist á þeim næstu. Þegar börn byrja í grunnskóla þarf að byggja á fyrri námi og reynslu þeirra úr leikskólanum. Sú hæfni, sem börnin öðluðust í leikskóla, verður því sá grunnur sem námið í grunnskóla byggist á. Áætlun skólanna er í skólanámskrám á báðum skólastigum og eru einnig aðgengilegar á heimasíðum þeirra.

Samstarf er á milli 1. bekkjar og skólahóps leikskólans Gimlis sem er heimaleikskóli Njarðvíkurskóla. Hóparnir hittast reglulega yfir skólaárið í leik og starfi. Samstarfið hefst í september og hittast nemendur bæði í skólanum, leikskólanum og í nærumhverfi skólanna og vinna ýmis verkefni einu sinni í mánuði allt skólaárið.

Vináttuverkefni Barnaheilla er eitt af verkefnum um betri samfellu á milli elstu nemenda leikskólans og nemenda í 1. bekk grunnskólans sem taka upp verkefnið frá leikskólanum. Með verkefninu er því hægt að vinna markvisst að forvörnum í eineltismálum með efni sem höfðar til yngstu barna grunnskólans og tengir við efni sem þau hafa unnið með og þekkja vel úr leikskólanum sínum.

23 Eftirfylgni

Læsisstefna Njarðvíkurskóla var fyrst unnin fyrir skólárið 2011 - 2012 af Drífu Gunnarsdóttur og Helenu Rafnsdóttur. Síðan hefur Læsisstefnan verið þróuð og löguð að áherslum Njarðvíkurskóla og Læsisstefnu Reykjanesbæjar á hverju skólaári. Hún tekur mið af Aðalnámskrá grunnskóla og Þjóðarsáttmála um læsi frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Hlutverk Læsisstefnunnar er fyrst og síðast að vera leiðbeinandi handbók fyrir kennara skólans og upplýsingarit fyrir forráðamenn. Helstu þættir stefnunnar eru kynntir fyrir kennurum í upphaf skólaárs til að auðvelda þeim að fylgja eftir prófum í lesfimi og lesskilningi, skimunum og áherslum/viðburðum í sínum árgöngum. Læsissteymið er einnig til ráðgjafar fyrir kennara þegar þörf er á. Deildarstjóri yngra stigs kynnir áherslur og vinnulag um lestur með reglulegum hætti og heldur utan um árangur og framfarir. Læsisstefnan er hluti af stefnu Njarðvíkurskóla og allir sem vinna við skólann bera sameiginlega ábyrgð á að fylgja henni og vinna samkvæmt henni. Ábendingum og spurningum má vísa til Læsissteymis sem tekur þær fyrir á fundi og gerir úrbætur þegar þess gerist þörf. Teymisstjóri Læsissteymisins er Helena Rafnsdóttir

Læsisstefna Njarðvíkurskóla er aðgengileg á drifi LÆSISSTEFNA 2025-2026 og á heimasíðu skólans á rafrænu formi.